

Minnisblað

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Efni: Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2021

Reykjavíkurborg mælir reglulega viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarhátta. Niðurstöðurnar hafa verið nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum og til að gera Reykjavíkurborg að enn betri vinnustað. Helstu niðurstöður úr könnuninni sem lögð var fyrir í mars eru þær að meðalskor allra þátta stendur í stað og mjög lítil breyting er á lykilárangursþáttum.

Könnunin var lögð fyrir starfsfólk borgarinnar dagana 1. mars til 25. mars 2021. Könnunin náði til 9.452 starfsmanna og alls bárust 5.777 svör og var svarhlutfallið því 61% sem er hærri en á síðasta ári. Í töflu 1 má sjá svarhlutfallið eftir sviðum.

Tafla 1. Svarhlutfall 2021

	Fjöldi svara 2021	Svarhlutfall 2021	2020	2019	2018	2017	2015	2013
Reykjavíkurborg	5777	61%	57%	55%	61%	64%	66%	68%
Íþrótt- og tómstundasvið	188	80%	83%	70%	80%	76%	82%	79%
Menningar- og ferðamálasvið	147	77%	80%	82%	82%	84%	65%	75%
Miðlæg stjórnsýsla	50	76%	84%	75%	82%	79%	81%	73%
Skóla- og frístundasvið	3418	59%	53%	52%	61%	66%	63%	71%
Umhverfis- og skipulagssvið	276	69%	72%	73%	73%	73%	79%	69%
Velferðarsvið	1467	57%	55%	51%	54%	55%	68%	58%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	77	73%	84%	-	-	-	-	-
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	19	95%	100%	-	-	-	-	-
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	116	89%	95%	-	-	-	-	-

Fyrir hvern þátt er reiknuð þáttaeinkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða. Heildareinkunn, sem er meðaltal allra þátta, er 4,20 sem er hærri en á síðasta ári, en þá var hún 4,17. Þættirnir 18 mynda fjóra lykilárangursþætti og má sjá niðurstöður þeirra eftir sviðum í töflu 2.

Tafla 2. Lykilárangursþættir eftir sviðum

	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL	FÁST	MOS	ÞON	RVK heild
Starfsánægja	4,45	4,53	4,23	4,42	4,28	4,29	4,18	4,68	4,33	4,38
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,23	4,21	4,10	4,26	3,94	4,00	3,74	4,50	4,25	4,16
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,29	4,27	4,05	4,23	4,06	4,10	3,89	4,33	4,16	4,18
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,26	4,30	4,28	4,29	4,18	4,19	4,24	4,52	4,29	4,25
Heild	4,27	4,27	4,11	4,25	4,06	4,10	3,93	4,43	4,21	4,20

Lykilárangursþættirnir innihalda eftirtalda þætti:


Hæfir og áhugasamir starfsmenn: Metnaður, starfsmannastöðugleiki og tilgangur.

Árangursríkir stjórnunarhættir: Frumkvæði, fræðsla og þjálfun, stjórnun og viðurkenning.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi: hæfilegt vinnuálag, ímynd, jafnrétti og jafnræði, markmið og árangur, móttaka nýliða, starfsandi, starfsöryggi, sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði og vinnuaðstaða.

Starfsánægja er undirþáttur sem samanstendur af tveimur spurningum.

Á mynd 1 sjást meðaltöl þáttanna 18 í röð frá þeim hæsta til þess lægsta fyrir Reykjavíkurborg í heild. Tveir hæstu þættirnir eru metnaður (4,48) og tilgangur (4,46) en þeir voru einnig hæstir árið 2020. Tveir lægstu þættirnir eru hæfilegt vinnuálag (3,61) og starfsmannastöðugleiki (3,81) sem einnig voru lægstir 2020. Hækkun var á sextán þáttum miðað við að eingöngu fimm hækkuðu á síðasta ári og lækkun var á tveimur þáttum miðað við tíu á síðasta ári. Mesta hækkunin var á þáttunum starfsmannastöðugleiki og starfsöryggi en þeir hækkuðu um 0,12 og 0,10 stig. Mesta lækkunin varð á þættinum fræðsla og þjálfun en hann lækkaði um 0,23 stig. Græni liturinn táknar gildi sem eru 4 eða hærri sá guli gildi sem eru á milli 3-4.




Mynd 1. Meðaltöl þátta 2021. Punktarnir á myndinni tákna gildi síðasta árs (2020).

Tafla 3. Meðaltöl þátta eftir sviðum 2021

Þættir	Reykjavík heild	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL	FÁST	MOS	ÞON
Allir þættir	4,20	4,28	4,27	4,11	4,25	4,06	4,10	3,94	4,43	4,20
Frumkvæði	4,27	4,24	4,20	4,03	4,37	4,13	4,11	3,75	4,72	4,19
Fræðsla og þjálfun	4,01	4,18	4,16	4,27	4,13	3,53	3,78	3,65	4,22	4,06
Hæfilegt vinnuálag	3,61	3,85	3,73	3,33	3,63	3,50	3,60	3,44	3,48	3,42
Ímynd	4,37	4,48	4,62	4,15	4,46	3,99	4,24	3,77	4,59	4,22
Jafnrétti og jafnræði	4,35	4,36	4,42	4,23	4,41	4,26	4,26	3,89	4,72	4,44
Markmið og árangur	4,37	4,34	4,42	4,39	4,42	4,27	4,30	3,99	4,68	4,30
Metnaður	4,48	4,47	4,53	4,70	4,49	4,35	4,47	4,56	4,81	4,61
Móttaka nýliða	4,10	4,36	4,31	4,00	4,12	3,98	4,01	3,61	4,58	4,24
Starfsandi	4,33	4,42	4,44	4,39	4,35	4,30	4,27	4,06	4,56	4,42
Starfsánægja	4,38	4,45	4,53	4,23	4,42	4,28	4,29	4,18	4,68	4,33
Starfsmannastöðugleiki	3,81	3,88	4,00	3,82	3,83	3,91	3,71	3,93	4,17	3,94
Starfsöryggi	4,30	4,29	4,02	3,77	4,40	4,13	4,21	3,93	3,92	3,82
Stjórnun	4,24	4,32	4,21	4,16	4,31	4,19	4,11	3,77	4,63	4,40
Sveigjanleiki í starfi	4,27	4,32	4,37	4,05	4,31	4,07	4,20	4,32	4,24	4,46
Tilgangur	4,46	4,42	4,35	4,29	4,54	4,27	4,38	4,22	4,59	4,32
Upplýsingaflæði	4,08	4,13	4,08	3,98	4,16	3,96	3,95	3,64	4,31	3,89
Viðurkenning	4,13	4,19	4,26	3,98	4,21	3,89	3,98	3,79	4,44	4,32
Vinnuaðstaða	4,05	4,33	4,25	4,20	4,05	4,12	3,94	4,19	4,32	4,43

Spurt var hvort fólk hafi orðið fyrir áreitni og einelti frá samstarfsfólki og þjónustuþegum en mynd 2 sýnir niðurstöður þessara spurninga. Áreitni frá samstarfsfólki mældist 3,8% í ár en 4,7% árið 2020 og áreitni frá þjónustuþegum mældist 12,8% árið 2020 en 13,6% í ár. Einelti frá samstarfsfólki mældist 3,4% í ár, eins og síðasta ár. Einelti frá þjónustuþegum mældist 1,8% í síðustu könnun en er 1,5% í ár. Einnig var spurt um það hvort fólk hafi orðið vitni að fordómum en 22,7% sögðust hafa orðið vitni að fordómum í ár en 25,6% í síðustu könnun.

Áreitni/Einelti/Vitni að fordómum á síðustu 12 mánuðum



Mynd 2. Áreitni, einelti og vitni að fordómum.